

Sveitarfélagið Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrúkur

Reykjavík, 28.2.2022
UST202202-243/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 – Skrá um vegi í náttúru Íslands – Fyrri áfangi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skagafjarðar er barst 21. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að skrá um vegi í náttúru Íslands (fyrri áfangi) innan sveitarfélagsins.

Flokkun vega

Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Við flokkun vega skal einnig tiltaka sérstaklega á hvaða tíma árs heimilt er að nota veginn eða hvort umferð um hann er takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja eða tilgang umferðar, svo sem vegna smalamennsku, veiði, eftirlits og viðhalds orku- og veitumannvirkja eða rannsókna.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vegirnir séu flokkaðir í samræmi við ofangreinda reglugerð, en að mati stofnunarinnar er tilgangur umferðar á nokkrum vegum óljós.

Vötn á Skagaheiði

Tillagan gerir ráð fyrir vegum á Skagaheiði sem liggja að Aravatni og Ölvesvatni. Umhverfisstofnun bendir á að heiðin er mikið votlendissvæði með vötnum, tjörnum og votlendi sem falla undir 61. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013. Nokkuð er um vegslóða en Umhverfisstofnun telur mikilvægt að halda vegum í lágmarki og skilgreina fáa vegi að vötnunum og um svæðið til að koma í veg fyrir rask á votlendi.

Þjórsvæði og Miklavatn

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að innan sveitarfélagsins eru tvö friðlýst svæði, þ.e. Þjórsvæði¹ og Miklavatn² en mikilvægt er að litið sé til friðlýsingarskilmála svæðanna við gerð vegaskrár.

Umhverfisstofnun bendir á að skráin er háð samþykki stofnunarinnar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda þjóðgarða þegar við á. Umhverfisstofnun

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/thorsarver_507_1987.pdf

² https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/miklavatn_29_1977.pdf

bendir á mikilvægi þess að við vinnslu skipulagstillögunnar verði haft samráð við stofnunina við gerð tillögu að vegaskrá á fundi þar sem farið er yfir þá vegi sem liggja innan friðlýstra svæða.

Enn fremur bendir Umhverfisstofnun á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi á friðlýstum svæðum sveitarfélagsins skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Auk þess áskilur stofnunin sér rétt til umsagna á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Porkelsdóttir
sérfræðingur